

**637. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,  
Þriðjudaginn 14. maí 2024  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ) var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Marinó Bjarnason (MB), Jón Ingi Jónsson (JIJ) var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Magnús Óskar Hálfðánsson (MÓH), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 637 lögmætan.

**Dagskrá:**

**1. Ársreikningur 2023 - 2404197**

Sveitarstjórn tekur til síðari umræðu og afgreiðslu ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2023. Fyrir fundinum liggur ársreikningur 2023, sundurliðun ársreiknings og endurskoðunarskýrsla löggiltra endurskoðenda sveitarfélagsins.

Mál frá 636. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 30.04.2024.

*Framlagður ársreikningur er staðfestur með fjórum atkvæðum.  
MB situr hjá.*

**2. Ráðningarsamningur sveitarstjóra - 2205204**

Ólafur Þór Ólafsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

*Í ráðningarsamningi við sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps er ákvæði um að ef komi til sameiningar sveitarfélaga virkjast ákvæði í 1. grein sammingsins um uppsögn. Þar sem sameining sveitarfélaganna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar verður að veruleika þann 19. maí 2024 bar oddviti Tálknafjarðarhrepps upp þá tillögu að sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps Ólafi Þór Ólafssyni, verði sagt upp í samræmi við þetta ákvæði sammingsins. Oddviti var jafnframt falið að ganga skriflega frá uppsögn og taki hún gildi frá og með næstu mánaðamótum 01.06.2024.*

*Samþykkt samhljóða.*

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps þakkar Ólafi Þór Ólafssyni fráfarandi sveitarstjóra fyrir góð störf í þágu samfélagsins á Tálknafirði og óskar honum góðs gengis í framtíðinni.*

*Að málinu afgreiddu óskaði Ólafur Þór Ólafsson eftir að því að færa eftirfarandi til bókar:*

*Ég þakka hlý orð í minn garð sem og fyrir ánægjulegt samstarf við sveitarstjórn síðustu fjögur ár og þá einstaklinga sem hafa starfað á hennar vegum.*

Oddviti þakkar aðalfulltrúum og varafulltrúum í sveitarstjórn samstarfið á síðustu tveimur árum. Hann óskar nýrri bæjarstjórn í nýju sveitarfélagi velfarnaðar í störfum.

Að því loknu er síðasta fundi sveitarstjórnar sveitarfélagsins Tálknafjarðarhrepps slitið.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:40.**

---

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

---

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

---

Marínó Bjarnason (MB)

---

Magnús Óskar Hálfhásson (MÓH)

---

Lilja Magnúsdóttir (LM)

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)